



SVÆÐISGARÐURINN SNÆFELLSNES

Tími og staður : Breiðablik 2. október
2017 kl. 20.30 - 22

FUNDARGERÐ

Hópur	7. fundur í eigendaráði Svæðisgarðsins
Fundarstjórn	Hafdís Bjarnadóttir
Fundarritari	RS
Framlögð gögn	Drög að fundargerð síðasta fundar (3. apríl 2017 (merkt 1)), Samþykktir fyrir Svæðisgarðinn Snæfellsnes (merkt 2.1), drög að stofnfundargerð fyrir sjálfseignastofnun í atvinnurekstri (2.2), fylgiblöð (2.3) og tilkynning um sjálfseignastofnun í atvinnurekstri (2.4). Minnispkt. um Gestastofu Snæfellsnes (3).

FUNDARMENN: HAFDÍS, STURLA, EGGERT, HALLDÓR, EYÞÓR, KRISTJANA, HELGA, HALLUR, RÓSA, KELI OG HILMAR.

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
<ul style="list-style-type: none">• Samþykkt samhljóða
2. Svæðisgarðurinn verði sjálfseignastofnun í atvinnurekstri
Samþykkt var á síðasta fundi eigendaráðs (3. apríl, sjá pkt. 1) að Svæðisgarðurinn yrði sjálfseignastofnun sem væri ekki í atvinnurekstri. Sú leið reyndist ekki fær (þrátt fyrir að fyrir lögju upplýsingar frá sérfræðingum um annað, sjá fyrri gögn). Nú er lagt til að Svæðisgarðurinn verði sjálfseignastofnun í atvinnurekstri og höfum við fengið stofngögn samþykkt af sérfræðingum.
Eigendaráð Svæðisgarðsins Snæfellsnes samþykkir einróma að gera Svæðisgarðinn að sjálfseignastofnun í atvinnurekstri. Skrifað var undir stofnpappíra
3. Gestastofa Snæfellsnes
Vönduð, samræmd upplýsingagjöf er eitt öflugasta verkfærið til að stuðla að öryggi ferðamanna, ábyrgri hegðun þeirra og sjálfbærri ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Eigendaráð Svæðisgarðsins Snæfellsnes samþykkir að haldið verði áfram vinnu við Gestastofu Snæfellsnes.
4. Önnur forgangsverkefni 2017/staða og næstu skref
Umræður, grænt ljós áfram. Fyrsta umræða um forgangsverkefni 2018
5. Drög að forgangsverkefnum 2018 og fjárhagsáætlun 2018
<ul style="list-style-type: none">✓ Barnamenningarhátíð á Snæfellsnesi 2018 (kominn styrkur)✓ Gera svæðisgarðinn sýnilegan, kynningarefni✓ Samræmd skilti (vinnuhópur af Snæfellsnesi)✓ Lykill að Snæfellsnesi (vinnuhópur af Snæfellsnesi)✓ Fræðsluverkefni m.a. fyrir sjómenn og bændur✓ Búsæld; verslun með mat og handverk af öllu Snæfellsnesi, samstarf við framleiðendur og handverkhús á Snæfellsnesi✓ Safna og sýningadagur á sumardaginn fyrsta✓ Fjölmennningarhátíð í október✓ Matarauður Snæfellsnes/Vesturlands/Íslands. Matarmarkaður✓ Áframhaldandi uppbygging áfangastaða/DMP✓ Shape✓ Gestastofa Snæfellsnes✓ Samvinna við þjóðgarðinn✓ Samvinna við umhverfisvottun Snæfellsnes



Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 22